

Fundargerð aðalfundar FFR 30. maí 2018

Aðalfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana, haldinn á Grand Hótel í Reykjavík, miðvikudaginn 30. maí 2018 kl. 12:00 – 13:30.

Fundarstjóri: Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir, landsbókavörður

Fundarritari: Jóhanna Á. Jónsdóttir, starfsmaður FFR

1. Setning fundar, kjör fundarstjóra og fundarritara: Björn Karlsson, formaður FFR

Björn Karlsson, formaður FFR, setti fund og stakk upp á Ingibjörgu Steinunni Sverrisdóttur sem fundarstjóra og Jóhönnu Áskels Jónsdóttur sem fundarritara og var það samþykkt. Fundarstjóri gekk úr skugga um lögmati fundarins, en hann skal boðaður með a.m.k. 14 daga fyrirvara skv. lögum félagsins og skal halda hann fyrir lok maí. Ekki voru gerðar athugasemdir við lögmati fundarins.

2. Skýrsla stjórnar um starfsemi síðastliðins starfsárs: Björn Karlsson formaður FFR

Björn Karlsson óskaði eftir því að Hrafnkell V. Gíslason í kjörnefnd tæki til máls og færi yfir kosningu stjórnar með fundarmönnum. Hrafnkell tók fram að kjörnefnd væri ekki uppstillingarnefnd heldur væri hlutverk nefndarinnar að tryggja að kosning gæti farið fram og að lágmarki séu nægilega margir í framboði til að stjórn yrði a.m.k. sjálfkjörin. Ákveðið hefði verið að viðhafa rafræna kosningu. Hrafnkell sagði að farið verði yfir stjórnarkjör samkvæmt dagskrá fundarins. Hann fór yfir það hvernig félagsmenn geta kosið rafrænt og kannaði í kjölfarið hvort einhverjir fundarmenn vildu ekki kjósa rafrænt. 5 fundarmenn vildu ekki kjósa rafrænt og var þeim boðið að kjósa á pappír. Hrafnkell fór yfir það að kjörseðlar á pappír væru hjá Jóhönnu, starfsmanni FFR, og myndi hún sjá um þá kosningu og safna saman atkvæðum. Hrafnkell fór yfir hvernig framkvæmd kosninganna yrði og bauð fundarmönnum að koma á framfæri athugasemdum, ef einhverjar væru. Þórólfur Halldórsson tók til máls og taldi að það yrði að koma skýrt fram í lögum félagsins hvernig eigi að kjósa ef gera eigi það öðruvísi en endranær. Gagnrýnir að ekki hafi verið lengri fyrirvari á rafrænni kosningu. Vekur athygli á því að það sé ekki lagaskylda að hafa íslykil eða rafræn skilríki. Fundurinn sé auglýstur til 13:30 og því hljóti að mega kjósa til 13:30. Björn Karlsson svaraði athugasemdum Þórólfs og benti á að í lögum félagsins segi að kosið skuli á aðalfundi. Aðalfundur standi yfir og kosið verði á aðalfundi. Í lögnum sé ekki bannað að kjósa rafrænt. Hins vegar segi í lögnum að kjörnefnd skuli setja sér vinnureglur um framkvæmd kosningarinnar og að vinnureglurnar skuli kynntar á almennum félagsfundi sem stjórn skuli síðan samþykkja. Þetta hafi verið gert. Gríðarleg framför að öllum félagsmönnum sé gefinn kostur á að taka þátt í kosningunni. Samkvæmt dagskrá fer kosning stjórnar fram undir ákveðnum lið, á ákveðnum tíma á fundinum, og svo sé kosningu lokið. Björn vill meina að stjórnarkjör séu fyllilega í samræmi við lög félagsins.

Hrafnkell kallaði eftir athugasemdum við fyrirkomulag um kosningu á pappír. Engar athugasemdir voru gerðar.

Björn Karlsson flutti skýrslu stjórnar. Megináherslur starfsins í vetur hafa verið breytingar á starfsumhverfi forstöðumanna, en það er einnig rakið í skýrslunni. Félagið fékk fimm milljón kr. styrk úr starfsþróunarsjóði embættismanna, og hefur því samtals fengið tíu milljóna kr. styrk. Lög um breytingu á kjararáði hafa haft þau áhrif að hlutverk félagsins hefur gerbreyst og hafa verkefni stjórnarinnar tekið mið af því. Félagið réð starfsmann og setti upp skrifstofu. Mikil umfjöllun hafi verið um 5 ára skipunartíma og fékk félagið Advel lögmannsstofu til að útbúa lögfræðilít vegna þessa. Björn reifaði stuttlega þá vinnu sem unnin hefur verið með Kjara- og mannauðssýslu ríkisins. Hann fór jafnframt yfir launakjör forstöðumanna ríkisstofnana og almennar launahækkanir sem voru síðast veittar júní 2016, en stjórn FFR sendi bréf til fjármálaráðherra í byrjun maí 2018 þar sem óskað er svars við því hvenær forstöðumenn megi vænta almennrar hækkunar.

3. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar: Kristín Linda Árnadóttir, stjórn FFR

Kristín Linda Árnadóttir, gjaldkeri FFR, lagði fram endurskoðaða reikninga og skýrði þá. Endurskoðendur félagsins hafa farið yfir reikningana og voru þeir samþykktir.

4. Lagabreytingar

Engar tillögur um lagabreytingar bárust.

5. Stjórnarkjör

Hrafnkell V. Gíslason fór yfir úrslit kosninganna. Greidd atkvæði voru 41 sem féllu þannig að Gissur Pétursson fékk 23 atkvæði, Sigríður Lillý Baldursdóttir 17 atkvæði og 1 tók ekki afstöðu. Sjálfkjörin í stjórn FFR eru Halldór Ó. Sigurðsson, Margrét Hauksdóttir og Svanhvít Jakobsdóttir. Fyrir hönd kjörnefndar þakkaði Hrafnkell frambjóðendum.

6. Kosning kjörnefndar

Stjórn FFR lagði til að Björn Karlsson, forstjóri Mannvirkjastofnunar, Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og símamálastofnunar, og Sveinn Runólfsson, fyrrverandi forstöðumaður, yrðu kosnir í kjörnefnd. Tillagan var samþykkt með lófataki.

7. Kosning tveggja endurskoðenda og jafn margra til vara

Lagt var til að endurskoðendur yrðu Ásta Sigrún Helgadóttir og Gestur Steinþórsson. Til vara Eyjólfur Sæmundsson og Árni Bragason. Tillagan var samþykkt með lófataki.

8. Ákvörðun árgjalds fyrir næsta starfsár

Stjórn FFR lagði til að félagsgjald, kr. 25.000, yrði óbreytt. Tillagan var samþykkt.

9. Önnur mál

Sigríður Lillý Baldursdóttir óskaði Gissuri til hamingju með formannskjörið. Hún hefur áhyggjur af því hversu margir kusu ekki og telur að það hljóti að vera verkefni allra forstöðumanna að hnippa í félagi því að verkefni séu ærin og í raun mjög flókin. Samfélagið og samfélagsumræða sé á mótum forstöðumönnum og því nauðsynlegt að forstöðumenn standi saman sem einn hópur. Að lokum þakkaði Sigríður Lillý fráfarandi formanni fyrir hans störf.

Gissur Pétursson þakkaði það traust sem honum er sýnt með því að fá að leiða félagið næstu 2 ár. Hann sagði að félagsmenn þurfi að spýta í lófana og að það verði gaman að takast á við þau verkefni sem framundan eru. Stjórnin hafi unnið afar gott starf við að móta rammann í kringum starfsemina og nú þurfi að halda áfram undir fullum seglum.

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir hefur setið í stjórn félagsins í 8 ár og hún segir að þessi tími hafi verið fræðandi og skemmtilegur og hún kynnst mörgu skemmtilegu fólki. Þrátt fyrir að ganga núna úr stjórn er Ingibjörg tilbúin til að starfa áfram fyrir félagið til dæmis í kringum kjaramálin, en hún hefur fylgt þeim eftir fyrir hönd félagsins. Hún óskar nýrri stjórn alls hins besta.

Sveinn Runólfsson óskaði Gissuri og nýkjörinni stjórn alls hins besta í störfum sínum. Sveinn þakkaði Sigurði Mássyni hjá Advania og Jóhönnu Á. Jónsdóttur fyrir rafrænu kosninguna. Rafræn kosning er flókið og umfangsmikið kerfi, en Sveinn og Jóhanna sóttu fund hjá Advania fyrir aðalfundinn. Sveinn þakkaði fyrir samstarfið við kjörnefndina og hlakkar til að starfa áfram með nýrri kjörnefnd.

Fundi slitið.